

Úthlutunarreglur vegna akstursstyrks Snæfellsbæjar til UMFSt.

1. gr.

Gildissvið

Úthlutunarreglur þessar gilda um styrki til foreldra/forráðamanna barna sem eiga lögheimili í skólahverfi Lýsudeildar Grunnskóla Snæfellsbæjar; Breiðuvík, Staðarsveit, Arnarstapa eða Hellnum, og aka börnum sínum á norðanvert Snæfellsnes á ípróttæfingar eða annað skipulagt félagslíf.

Ungmennafélag Staðarsveitar (UMFSt) sækir um styrkinn ár hvert en bæjarritari Snæfellsbæjar sér um að afgreiða umsóknir.

2. gr.

Markmið

Markmið þessara reglna er að stuðla að jöfnun aðstöðumunar þeirra sem þurfa að aka börnum sínum í þéttbýlin norðanfjalls til að sækja þar ípróttæfingar eða skipulagt félagslíf fyrir börn og ungmenni.

3. gr.

Útreikningur

Til að eiga rétt á akstursstyrk þarf barn foreldris/forráðamanns að vera skráð í og sækja ípróttæfingar eða skipulagt félagslíf í þéttbýlin á norðanverðu Snæfellsnesi. Hægt er að sækja um eina styrkúthlutun á ári fyrir hvert barn. Hver styrkúthlutun er 30.000,- kr.

4. gr.

Tilhögun greiðslna

Til að sækja um akstursstyrk skal senda tölvupóst á bæjarritara Snæfellsbæjar með upplýsingum um barn (nafn og kennitala) og staðfestingu/greiðslukvittun fyrir æfingum/skipulögðu félagslífi sem hafa verið sóttar. Sækja þarf um akstursstyrkinn innan þess árs sem sótt er um styrk fyrir.

Reglur þessar voru samþykktar af bæjarstjórn Snæfellsbæjar á fundi hennar þann 4. maí 2023 og öðluðust þá þegar gildi.